



september 2020/Arnín Óladóttir

Barmur, Dalabyggð

Mælt er með að gerður verði skógræktarsamningur á jörðinni Barmi, Búðardal, Dalabyggð Farin var vettvangsferð þann 20. september 2020 til að gera frumkönnun á svæðinu, ræða við bændur og kanna aðstæður. Var það skógræktarráðgjafinn Arnín Óladóttir Leist henni ágætlega á skógræktarsvæðið.

Landeigandi: Heiðardalur ehf

Landnúmer: 137814

Sveitarfélag: Dalabyggð

Stærð fyrirhugaðs samningssvæðis: 32 ha

Jarðir sem skógræktarsvæðið nær að: Skógræktin mun liggja nálægt landamerkjum við Klifmýri /Hvalgrafir norðan megin. Barmsgil skilur þó á milli og ekki verður gróðursett fram á gilbrúnir.

Ábúð. Jörðin er í eyði. Engin starfsemi fer þar fram utan sumarbeitar sauðfjár.

Nafn á samning

Heiðardalur ehf; kt: 690604-2210

Heimilisfang

Funafold 62
112 Reykjavík

Tengiliður

Benadikt Eyjólfsson
Funafold 62
112 Reykjavík
benedikt@benni.is

Almennt

Fyrirhugað skógræktarsvæði er hlíðin á milli tveggja gilja -Barmsgils og Spottsgils. Ekki verður hreyft við fyrrum heimatúni og mannvistarleifum og einnig er ekki gert ráð fyrir að gróðursetja í grashamma við ána. Gróðurinn er aðallega lyng og grasbrekkur, landi hallar í norður.

Eftirfarandi þættir hafa verið metnir sérstaklega m.t.t. aðalskipulagsins og gildandi laga.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga og aðalskipulags:

Jörðin telst vera á landbúnaðarsvæði skv aðalskipulagi Dalabyggðar
Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, og nýtur engrar sérstakrar verndar samkvæmt
náttúruverndarlögum.

Gömul heimatún eru utan samningssvæðisins. Skógræktarsvæði er að mestu í halla og mishæðótt –
hólar og hvarmar og því ekki nothæft í hefðbundin tún eða akra.

Fornminjar:

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á svæðinu. Innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis eru engar
þekktar mannvistarleifar og ekki að sjá að hreyft hafi verið við neinu. Rústir bæjarhúsa eru á fyrrum
heimatúni og verður það allt utan skógræktar. Að öðru leyti eru hvergi merki um athafnasemi
manna.

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi:

Á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv.
náttúruverndarlögum.

Vötn, vegir og raflínur:

*Skógræktarsvæðið er innarlega í Búðardal og mun ekki sjást frá þjóðveginum. Engar raflínur liggja
um svæðið.

*Skógræktarsvæðið liggur beggja vegna að giljum og mun ekki verða gróðursett að þeim.

Votlendi:

Á svæðinu eru engar mýrar sem eru 1 ha eða stærri.

Útlitshönnun:

Skógræktarlandið sést eingöngu vel frá Búðardal, handan dalsins, en þar eru sömu eigendur og er þar
stunduð myndarlega skógrækt